

Móðurmál

Mat á lestrargetu fyrir nemendur sem eru 6-14 ára gamlir

Efni fyrir kennara

Fyrsta mat á hæfni nemanda sem lærir íslensku sem annað tungumál

(innflytjandi)

Staðfært efni sem gefið var út í Barcelona á árunum 2004-2005.

Direcció General d'Ordenació i Innovació Educativa. Subdirecció General de Llengua i Cohesió Social. Barcelona 2004 – 2005

Stöðumat

Efninu er ætlað að aðstoða kennara að meta stöðu þeirra nemenda sem flytja til landsins og eru því að koma úr námsumhverfi sem gæti verið ólíkt því íslenska. Námskrá og áherslur geta einnig verið ólíkar. Matinu er ætlað að meta stöðu þeirra sem hafa litla eða enga kunnáttu í íslensku.

Undirbúningur

Prófinu er skipt í tvo hluta ef verið er að meta þekkingu á öðru stafrófi en því latneska.

- Í hluta A er metinn lestur og lesskilningur.
- Í B hluta er metin þekking á öðru stafrófi en því latneska.

Í sumum tilfellum er prófinu skipt eftir þyngdarstigum miðuðum við aldur nemenda. Gæta þarf þess að nemandi taki þann hluta sem ætlaður er hans aldri.

Ætlast er til þess að nemandinn geti tekið próf á eigin móðurmáli meira eða minna án hjálpar kennara. Ef barnið er 6-10 ára getur kennarinn reynt að útskýra til hvers er ætlast á merkingabæran hátt (bendingar, teikningar) án þess að gefa þeim svarið við viðkomandi spurningu eða dæmi.

Prófið er einstaklingsverkefni.

Gæta skal vel að því að búa nemanda notalegt umhverfi þar sem hann getur tekið prófið. Mikilvægt er að nemandinn upplifi matið á jákvæðan hátt og finni ekki fyrir streitu því tengdu. Prófinu er einfaldlega ætlað að meta stöðu viðkomandi nemanda til að hægt sé að finna honum/henni viðeigandi námsefni í framhaldinu. Enginn einkunn er gefin fyrir prófi en mælt er með að barnið fái umbun fyrir að taka það eins og t.d. fallegan blýant, límmiða eða annað sem hæfir aldri og aðstæðum.

Það sem hafa þarf við hendina þegar matið er framkvæmt:

- Prófið sjálft
- Eintak kennara af prófinu með hljóðritun á texta
- Blýantur, helst fleiri en einn
- hvít blöð (sem nemandi getur nýtt þurfi hann á því að halda við að leysa verkefni)
- strokleður
- yddari

Gert er ráð fyrir að nemandinn hafi að hámarki 60 mínútur til að ljúka við prófið. Sumir nemendur þurfa styttri tíma.